

122. Þingflokksfundur, fimmtudaginn 3. september 2015 kl. 13.

Fundinn sitja: Alla, Ásta, Birgitta, Helgi Hrafn.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Þingsetningardagur

Rætt var um skipulag dagsins og stefnuræðu forsætisráðherra. Þingflokkurinn mun vera við athöfn Siðmenntar fyrir þingsetningu.

2. Stefjuræða forsætisráðherra

Þingflokkurinn viðraði hugmyndir um ræður að kvöldi þingsetningardags. Birgitta heldur fyrstu ræðu þingflokksins, síðan Ásta og að lokum Helgi Hrafn. Ákveðið að ræða betur saman eftir að stefnuræðan berst þingmönnum, síðdegis á sunnudaginn.

3. Fjárlagafrumvarp

Rætt var um nýframkomið fjárlagafrumvarp og þingmenn viðröðu fyrstu viðbrögð við því. Þá var rætt um hvernig Ásta myndi haga nefndarsetu sinni, en fjárlaganefnd þar sem hún er áheyrnarfulltrúi fundar á sama tíma og fastanefnd hennar, umhverfis- og samgöngunefnd.

4. Verkaskipting í þingflokki

Birgitta ræddi um hvernig leitast væri við að hafa skipulag og verkaskiptingu þingflokksins sem mest fljótandi. Reynt sé að rótera eins mikið og kostur er eftir mismunandi styrkleikum eða sérsviðum. Birgitta gerði jafnframt grein fyrir vinnuferðum sínum til útlanda fyrir jól en hægt væri að kalla inn varamann í október.

5. IPU í október

Ályktun Birgittu verður á dagskrá haustþings IPU í október. Birgitta bað þingflokkinn um leyfi fyrir hafa Öllu með sér á þinginu sem verður haldið í Genf og var það samþykkt. Alla og Birgitta ganga í að fá þetta á hreint.

6. Stjórnarskrármálið

Alla gerði grein fyrir gangi mála í stjórnarskránefnd og skiptust viðstaddir á skoðunum um tillögur nefndarinnar. Alla mun stinga upp á því að ef samkomulag náist og að nefndin myndi skila af sér niðurstöðum, þá myndi taka við tveggja vikna umræðu- og umsagnartímabil.

7. Þingmál

Alla er búin að setja forgangsmálin í fargveg. Mælt verður fyrir þingsályktunartillögu um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum (OPCAT) og þingsályktunartillögu um sjálfstætt eftirlit með starfsemi lögreglunnar. Þingflokkurinn ræddi jafnframt um möguleg ný þingmál.

8. Sérstakar umræður

Rætt var um möguleg mál til að taka fyrir í sérstökum umræðum.

9. Samráðsfundir með framkvæmdaráði / grasrót (Frestað)

10. Móttaka gesta í þingflokki

Farið var yfir beiðnir um fundi og verkum skipt.

11. Nefndarstörf

- a. Þingnefndir
- b. Aðrar nefndir (t.d. fíknó)
- c. Samráðsvettvangur um aukna hagsæld.

12. Önnur mál

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.50.